

**Mál nr. 57/2021****M og  
V v/frjálsrar ábyrgðartryggingar A****Ágreiningur um bótaskyldu.****Gögn.**

Málskot, dags. 03.02.21, ásamt fylgiskjölum.  
Bréf V, dags. 24.02.21, ásamt fylgiskjölum.

**Málsatvik.**

Samkvæmt gögnum málsins voru málsatvik með þeim hætti að M féll niður af rampi á sorpeyðingarstöð hjá A og lenti á vinstri hlið og höfði þegar hún var að fara að henda viðarplötu í gám sem stóð við rampinn. Vindur kom á plötuna og féll M þá niður rampinn með plötunni. V hafnaði bótaskyldu.

M byggir bótaskyldu á því að slysið megi rekja til vanbúnaðar A þar sem vanrækt hafi verið að setja upp viðeigandi fallvarnir á rampinn þar sem M féll. Hvorki hafi verið handrið, grindverk né aðrar varnir. Fallið hafi reynst 1,6 metrar og fallvarnir hefðu komið í veg fyrir slysið. Þessar aðstæður séu langt umfram það sem gestir sorpeyðingarstöðvarinnar megi búast við. M telur að brotið hafi verið gegn ákvæðum laga n. 46/1980 um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnutöðum. Auk þess byggir M á því að sérstakar kröfur hvíli á rekstraraðilum sorpeyðingarstöðva að hafa forsvaranlegar aðstæður á svæðinu endi megi búast við miklum fjölda fólks þar. M segist ekki hafa fengið nein fyrirmæli um að aka upp á rampinn og því geti það ekki talist gáleysi af hennar hálfu að hafa gengið upp rampinn með plötuna. Þá bendir M á að hún hafi verið komin upp rampinn þegar slysið átti sér stað og því hefði ekki skipt máli hvort hún hafi gengið upp rampinn eða keyrt upp á hann því í báðum tilvikum hefði hún gengið með plötuna að gámnum þar sem slysið átti sér stað til þess að geta hent henni.

Í bréfi V kemur fram að ekki sé sýnt fram á að slys M hafi verði rakið til saknæms vanbúnaðar eða vanrækslu sem A verði látið bera ábyrgð á. Ekki hafi verið sýnt fram á að umbúnaður rampsins hafi brotið í bága við lágmarkskröfur laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum. Um sé að ræða akbraut upp á pallinn en ekki gangbraut og því sé gert ráð fyrir að fólk fari á bifreiðum upp á pallinn og fari út efst til að henda sorpi ofan þar til gerða gáma. V telur að slysið megi rekja til óhappatilviljunar eða eigin aðgæsluleysis M sem hafi ekki virst fara eftir leiðbeiningum sem henni höfðu verið veittar.

**Álit.**

Sorpeyðingarstöð A er athafnasvæði fyrir almenning þar sem gæta þarf að lágmarkskröfum skv. lögum nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustu og öryggi á vinnustöðum. Ekki liggur fyrir að sérstakar merkingar hafi verið um það að ekki megi ganga upp rampinn en fram kemur í gögnum málsins að mælst sé til þess að fari á bifreiðum upp á rampinn. Þá voru ekki fallvarnir á rampinum. Fyrirkomulag á sorpeyðingarstöðinni þarf að vera hannað með öryggi almennings í huga sem er skyldaður til þess að ganga þar frá úrgangi. Þykir því eðlilegt að gera kröfu um skýrar og ótvíræðar merkingar ef ekki er gert ráð fyrir því að fólk gangi upp rampinn auk þess að verja rampinn betur vegna fallhættu fólks sem fer þar um. Með vísan til framangreinds er V bótaskyld.

**Niðurstaða.**

M á rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 25. mars 2021.  
Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.